

## Fundargerð

Stjórnafundur Skólaskrifstofu Austurlands var haldinn föstudaginn 06. október 2011 kl. 13:00 á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs á Egilsstöðum.

Mættir voru: Björn Ingimarsson, Vilhjálmur Jónsson, Jakob Sigurðsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, formaður stjórnar og Páll Björgvin Guðmundsson. Gauti Jóhannesson var í símasambandi. Páll Baldursson og Þorsteinn Steinsson höfðu boðað forföll. Einnig sat fundinn Sigurbjörn Marinósson, forstöðumaður.

Dagskrá:

1. Mállefni fatlaðs fólks (Gestir: GF, fél.m.stj., SP, fél.m.stj og HP starfsm. B-deildar SKA)
2. Fjárhagsáætlun 2012
3. Samningur SKA- endurskoðun sbr. ákv. í 12. gr.
4. Önnur mál

Gunnþórunn stjórnaði fundi og bauð fundarmenn og gesti fundarins velkomna.

1. **Mállefni fatlaðs fólks.** Gestir fundarins undir þessu lið sem boðaðir höfðu verið á fundinn, voru Guðrún Frímansdóttir félagsmálastjóri Fljótsdalshéraðs, og Helga Þórarinsdóttir starfsmaður B-deildar SKA. Sigrún Þórarinsdóttir félagsmálastjóri Fjarðabyggðar boðaði forföll.

Guðrún Frímansdóttir sagði frá skipulagi þjónustunnar almennt og á Fljótsdalshéraði, búsetuúrræðum, hæfingu og annarri þjónustu í málafloknum á svæðinu. Þjónustuþegar hafi lítið eða ekki orðið varir við breytingar vegna yfirfærslu málaflokksins og er það þakkað sérstaklega því að sérfræðingar frá Svæðisskrifstofunni hafði ráðist til starfa. Almennt voru gestirnir sammála um að þjónustan hafi gengið vel, samstarfið milli svæðanna mjög gott og gefandi. Starf þjónustuhópsins sé gagnlegt, þar fari menn yfir sameiginleg mál og hugi að stefnumótandi málum. SIS-matið (14 flokka matskerfi frá USA, áður var stuðst við 7 flokka kerfi), sem nú er notað til að meta þörf fyrir búsetuþjónustu og ákvarða fjármuni til málaflokksins, var útskýrt og sagt frá athugasemdum sem gerðar voru við útkomu úr því vegna nokkra einstaklinga á svæðinu og úrvinnslu þess. Ekki er samt talið að þær athugasemdirnar muni breyta heildarfjármagni inn á svæðið. Fram kom að mikilvægt er að láta vita um nýja einstaklinga sem þurfa þjónustu.

Í umræðunni kom fram að veruleg þörf er á frekari uppbyggingu þjónustu í Fjarðabyggð og lýsti Páll Björgvin áhyggjum yfir því að ekki hafi enn komið fram reglur um hvernig skuli staðið að umsóknum og úthlutun fjármagns frá Jöfnunarsjóði til þess.

Helga lagði áherslu á að svæðin myndu vinna vel saman meðan ekki væri búið að byggja upp nauðsynlega þjónustu á báðum svæðum. Jafnframt kom fram hjá Helgu að fjárhagsramminn fyrir næsta ár, á landsvísu liggur ekki enn fyrir.

Nokkur umræða skapaðist um 0,25% stigið og skil á þeim fjármunum frá sveitarfélögum til byggðasamlagsins. Skólaskrifstofan mun ganga eftir

þeim fjármunum og senda út innheimtuseðla með eindaga 10 d. hvers mánaðar, líkt og gert er með önnur framlög til skrifstofunnar, verði þörf á því.

Páll vildi koma á framfæri þökkum til Helgu fyrir hjálpina í Fjarðabyggð vegna málaflokksins.

Gestum þökkun koman og véku þeir af fundi kl. 13:50.

## **2. Fjárhagsáætlun 2012**

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun 2012 sem hafði verið til umfjöllunar í framkvæmdastjórn. Páll Björgvin ræddi hallan sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætluninni og taldi varhugavert og óábyrgt að skilja eftir halla núna og rétt sé að taka á honum a.m.k. að hluta. Björn taldi að rétt væri að samþykkja áætlunina með þessum halla núna og vísa hallanum í sjóð Skólaskrifstofunnar, með tilliti til fjárhagsstöðu sveitarfélaga um þessar mundir. Gauti tók undir sjónarmið Björns. Aðrir fundarmenn sögðust geta tekið undir sjónarmið beggja. Gauti vék af fundi kl 14:00.

Páll ítrekaði fyrri afstöðu sína að sveitarfélög taki á vandanum strax.

Ákveðið að vísa drögum óbreyttum til aðalfundar og það áréttað að ekki verði frekar gengið á sjóð skrifstofunnar sem ætlaður er til að standa á móti lífeyrisskuldbindingum.

## **3. Samningur SKA – endurskoðun sbr. ákv. í 12. grein samningsins.**

Björn viðraði þá skoðun sína að skoða ætti kosti og galla þess að fella skólalþjónustuna undir fjölskylduþjónustu sveitarfélaga. Nokkrar umræður urðu um það og kom fram að sú umræða hefði farið fram á síðasta ári við undirbúning útvíkkunar þjónustu Skólaskrifstofunnar þegar málefni fatlaðs fólks fluttust til sveitarfélaga. Sigurbjörn benti á að áframhaldandi og endurtekin óvissa um rekstur og fyrirkomulag þjónustunnar væri mjög slæm fyrir skrifstofuna og starfsfólk hennar.

Samningnum vísað til áframhaldandi skoðunar í stjórn og til framkvæmdastjórnar með tilliti til nýrra sveitarstjórnalaga.

Páll vék af fundi kl. 14:40.

## **4. Önnur mál:**

Fundarmenn sammála um að aðalfundur Skólaskrifstofunnar skuli haldinn á Reyðarfirði, föstudaginn 4. nóvember kl. 15:00 en ekki 28. október eins og áður hafi verið stefnt að.

Sigurbjörn vakti athygli á að skoða þyrfti hvort eðlilegt væri að sýna lífeyrirsskuldbindinga Skeggjastaðahrepps í ársreikningi skrifstofunnar, en Skeggjastaðahreppur fór úr byggðasamlaginu um Skólaskrifstofuna um áramótin 2005/6.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:45.

Sigurbjörn Marinósson, ritaði fundargerð.